

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1415  
komudagur 13. 3. 2001



Nefndasvið Alþingis  
Þórarinn Þorgeirsson  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

12. mars 2001  
Snr. 004/TB

### Efni: Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði

Vísað er í bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 16. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruvernd ríkisins um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 389. mál, rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldismál o.fl.

Náttúruvernd ríkisins fagnar framkomnu frumvarpi og telur það mjög til bóta. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Við lið 1. í 3. gr. þarf að bæta að leita skal umsagnar Veiðimálastofnunar ekki eingöngu um hættu á erfðablöndun heldur einnig um almenna vistfræðilega þætti sem eru á rannsóknarsviði stofnunarinnar. Sama á við um 5. gr. c (76. gr.) lið 3.
2. Í umsókn um rekstrarleyfi liður 2. 3.gr. skulu koma fram ýmsar upplýsingar. Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt að einnig komi fram hvaða eldisstofna á að nota ekki síður en eldistegundir. Einnig telur stofnunin að taka eigi sérstaklega fram í umsókn ef eitthvað er sérstak í náttúrufari þess svæðis sem nota á til fiskeldis t.d. ef um er að ræða nálægð við náttúruverndarsvæði eða mikilvæg búsvæði dýrategunda.

Virðingarfyllst,

Árni Bragason  
forstjóri

Trausti Baldursson  
sviðsstjóri

N á t t ú r u v e r n d r í k í s í n s